

Nd.

280. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlastjórn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsbyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum (sbr. 26. gr.). Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkvæmt 41. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með VI. kafla laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 28. maí 1957 er nýbýlastjórn ríkisins lögð sú skylda á herðar að vinna eftir föngum gegn því, að byggðar jarðir fari í eyði, eins og því miður hafa verið allmikil brögð að í sumum héruðum landsins á undanförunum árum. Má þó áreiðanlega fullyrða, að mjög hefur þyngzt fyrir fæti í þeim efnum, frá því að löggin voru sett árið 1957, og gildir það einkum um byggingar. Styrkur og lán til ræktunar hefur síðustu árin verið það riflegt, að möguleikarnir á því að auka ræktun hafa verið miklir alls staðar þar, sem verkfæri hafa fengist til. Skortur á ræktunarmöguleikum hefur því engan veginn verið nein aðalástæða til þess, að jarðir fara í eyði og fólki fækkar í mörgum byggðarlögum. Allt öðru máli er að gegna um byggingarnar. Kostnaðurinn við þær hefur vaxið svo stórkostlega, að bændum er það víða mjög um megn að komast frá þeim kostnaði. Gildir það ekki síst um íbúðarhúsin, en til þeirra hefur byggingarsjóður veitt hæst 75 þús. kr. lán á hús, sem er oft ekki nema 25—40% alls byggingarkostnaðar. Þegar löggin voru til meðferðar á Alþingi 1957, lýsti flutningsmaður þessa frumvarps allrækilega þeirri nauðsyn, að meiri aðstoð yrði veitt við byggingarnar, en fékk því eigi framgengt þá. Nauðsyn þess hefur mikið vaxið síðan, og því er þetta litla frumvarp flutt.

Á mörgum jörðum, sem enn eru í byggð, er allt eins mikil þörf á aðstoð við íbúðarhúsabyggingar og á nýbýlum. Er því eðlilegt, að nokkuð af því fé, sem ætlað er til þess að varna því, að jarðir fari í eyði, sé notað til þeirrar aðstoðar.

Nánar í framsögu.